

Fimmtudaginn 16. febrúar 1995.

Nr. 122/1992.

Kristján Þorvaldsson
Þóra Kristín Ásgeirsdóttir og
Blað hf.

(Jón Magnússon hrl.)

gegn

Gallerí Borg hf. og
Úlfari Þormóðssyni

(Viðar Már Matthíasson hrl.)

og gagnsök

Ærumeiðingar. Miskabætur. Ómerking ummæla. Sératkvæði. Ábyrgð á prentuðu máli.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Markús Sigurbjörnsson.

Aðaláfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 18. mars 1992. Þeir gera þær dómkröfur, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og þeir sýknaðir af öllum kröfum gagnáfrýjenda. Þá krefjast þeir málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjendur áfrýjuðu málinu til réttarins með stefnu 10. apríl 1992. Þeir gera þær dómkröfur aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur að öðru leyti en því, að aðaláfrýjendurnir Kristján Þorvaldsson og Þóra Kristín Ásgeirsdóttir verði dæmd in solidum til að greiða gagnáfrýjendum hvorum um sig 250.000.00 kr. í miskabætur og gagnáfrýjandanum Gallerí Borg hf. 1.500.000 kr. í skaðabætur vegna fjártjóns og að fjárhæðir sekta þeirra Kristjáns og Þóru Kristínar verði stórlega hækkaðar. Þá er þess krafist, að dæmt verði, að heimilt verði, eftir atvikum með aðför, ef þörf krefur, að innheimta allar dæmdar fjárhæðir í málinu hjá aðaláfrýjandanum Blaði hf. Til vara er þess krafist, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur. Þá krefjast gagnáfrýjendur málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Blað hf., sem stóð að áfrýjun málsins ásamt aðaláfrýjendunum Kristjáni og Þóru Kristínu, var tekið til gjaldþrotaskipta 2. desember 1994. Með bréfi til Hæstaréttar 18. janúar sl. tilkynnti skipta-

stjóri þrotabúsins, að hann hefði ákveðið að falla frá áfrýjun málsins, enda teldi hann ekki fjárhagslegar forsendur fyrir rekstri þess. Við málflutning fyrir Hæstarétti féllu gagnáfrýjendur frá þeirri kröfu sinni, að aðaláfrýjendur yrðu dæmdir til að birta forsendur og niðurstöðu dóms í máli þessu í vikublaðinu Pressunni, þar sem blaðið er ekki lengur gefið út.

I.

Málsatvikum er lýst í héraðsdómi. Ummæli þau, sem stefnt er út af í máli þessu, birtust í grein og fyrirsögnum í vikublaðinu Pressunni 6. desember 1990. Grein þessi, sem var undirrituð af aðaláfrýjendunum Kristjáni og Þóru Kristínu, fjallaði um starfsemi gagnáfrýjandans Gallerí Borgar hf., sem rak sýningarsal og listmunasölu og gekkst fyrir listmunauppboðum, og þátt gagnáfrýjandans Úlfars í rekstrinum, en hann var framkvæmdastjóri félagsins. Kröfðust gagnáfrýjendur ómerktingar ummæla í 13 töluliðum, eins og rakið er í héraðsdómi, en hér fyrir dómi una þeir mati héraðsdóms, sem ómerkti ummæli í 11 töluliðum. Ummælin fjölluðu annars vegar um það, að félagið beitti fyrir sig rannsóknnum, sem ekki hefðu farið fram, og hins vegar það, að félagið hefði til sölu vafasöm málverk og stundaði vafasama viðskiptahætti. Fyrirsagnir og uppsetning greinarinnar var með mjög áberandi hætti. Á forsíðu blaðsins er aðalfyrirsögnin: „Úlfar í Gallerí Borg“ – og svo með afar stóru lettri: „LAUG TIL UM RANNSÓKNIR Á MÁLVERKUM“. Á forsíðu kemur einnig fram, að þetta sé ekki eina dæmið um vafasöm málverk eða viðskiptahætti gagnáfrýjandans Gallerí Borgar hf. Blaðsíða 7 er lögð undir fyrirsögn með jafnstóru lettri og á forsíðu: „GALLERÍ BORG BEITTI FYRIR SIG RANNSÓKNUM SEM ALDREI FÓRU FRAM“. Sú fyrirsögn er einnig yfir greininni, sem hefst á blaðsíðu 8. Í undirfyrirsögnum og greininni sjálfri koma síðan fram átalín ummæli um vafasöm málverk eða viðskiptahætti félagsins.

Aðaláfrýjendur segja, að ritstjórn blaðsins hafi tekið þá ákvörðun að láta kanna starfsemi gagnáfrýjenda, eftir að ábendingar höfðu borist um vafasama viðskiptahætti félagsins. Þá hafði gagnáfrýjandinn Úlfar látið svo um mælt í útvarpsviðtali 28. nóvember 1990, degi fyrir uppboð, þar sem til sölu voru tvær myndir eftir Sigurð Guð-

mundsson málara, að þær myndir hefðu verið settar í röntgengreiningu til þess að staðfesta aldur þeirra. Í ljós er leitt, að fyrrverandi eigandi málverkanna hafði samband við Úlfar eftir útvarpsviðtalið og sagði honum, að röntgengreining hefði ekki farið fram, en listaverkasali í Danmörku hefði ekki talið ástæðu til rannsókna á myndunum og verið tilbúinn að taka þær á uppboð. Þetta vissu aðaláfrýjendur, þegar hin umdeilda grein var skrifuð, enda var í sama blaði viðtal við gagnáfrýjandann Úlfar, þar sem hann sagðist einfaldlega hafa misskilið starfsmann danska uppboðsfirms og verið gæti, að hann hafi sagt of mikið, þegar hann sagði, að myndirnar hefðu verið röntgengreindar.

II.

Framangreind ummæli gagnáfrýjandans Úlfars um röntgengreiningu myndanna, sem ekki reyndust á rökum reist, gáfu aðaláfrýjendum visst tilefni til þess að fjalla um starfshætti gagnáfrýjenda. Tjáningarfrelsi er grundvallarregla í lýðfrjálsu þjóðfélagi. Við skýringu á lagareglum, sem vernda æru manna, ber að hafa hliðsjón af þeim grundvallarreglum um frelsi manna til að tjá sig í ræðu og riti, sem felast í 72. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, sbr. meðal annars einnig 10. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu, sem nú hefur verið lögfestur hér á landi með lögum nr. 62/1994. Fyrirtæki, sem bjóða almenningi þjónustu sína, verða að þola gagnrýni um þá starfsemi í meira mæli en aðrir. Fjölmíðlar hafa mikilvægu hlutverki að gegna í nútímapjóðfélagi, og verður að játa blaðamönnum frelsi til tjáningar. Hins vegar verður að gera þær kröfur til blaðamanna, að þeir byggi umfjöllun sína á vandaðri könnun á staðreyndum.

Þegar litið er til kröfuliða 1.1., 1.3. og 1.5., sem fjalla um fyrirsagnir á forsíðu og á blaðsíðum 7 og 8 í vikublaðinu Pressunni 6. desember 1990 og lýst er í kafla I hér að framan, þá er ljóst, að þær eru dregnar upp á mjög áberandi hátt, og er framsetning þeirra öll á þann veg, að hún er til þess fallin að varpa rýrð á starfsemi gagnáfrýjenda. Eftir því sem fyrir liggur í málinu, á fullyrðingin á forsíðu um, að gagnáfrýjandinn Úlfar hafi logið til um rannsóknir á málverkum, ekki við rök að styðjast. Aðaláfrýjendur vissu, þegar þeir skrifuðu greinina, að gagnáfrýjandinn Úlfar taldi, að um miskilning hefði

verið að ræða, eins og fram kom í viðtali við hann, sem birtist í sama blaði. Þá má skilja á fyrirsögnum þessum, að vísað sé til fleiri tilvika, þar sem gagnáfrýjendur hafi gefið rangar upplýsingar um rannsóknir. Er þar um of viðtæka fullyrðingu að ræða, enda er í greininni aðeins fjallað um rannsókn á málverkum eftir Sigurð Guðmundsson málara. Í fyrirsögnum þessum felast þannig aðdróttanir um sviksamlegar blekkingar og vafasöm viðskipti af hálfu gagnáfrýjenda. Aðalinntak greinarinnar er síðan nánari útlistun á því, að engin rannsókn hefði farið fram á síðastnefndum málverkum, og fullyrðingar um, að efasemdir væru uppi um, að þau væru eftir Sigurð málara, en þau væru ekki eina dæmið um vafasamar myndir, sem hefðu verið seldar á uppboði hjá gagnáfrýjandanum Gallerí Borg hf. Eru þar tekin sem dæmi málverk af „biskupshjónunum“ Ara Magnússyni og Kristínu Guðbrandsdóttur og myndir eftir Kristínu Jónsdóttur og Jóhannes Kjarval, sem seldar voru á uppboði hjá gagnáfrýjanda, eins og nánar kemur fram í kröfufliðum 1.2., 1.4., 1.6. til 1.12. og lýst er í héraðsdómi. Greinin sjálf er mun hógværari á allan hátt en fyrirsagnir þær, sem að framan er getið, en allt er þó dregið fram á neikvæðan hátt gagnvart gagnáfrýjendum. Ekki er í ljós leitt, að neinn vafi hafi leikið á því, að myndir kenndar við Sigurð málara og Kristínu Jónsdóttur, sem um var fjallað í greininni, væru eftir þá listamenn. Þá er fram komið, að uppboðsskrá gagnáfrýjenda sagði rétt til um aldursgreiningu á mynd af „biskups“-hjónunum.

Aðaláfrýjendur halda því fram, að þeir hafi ekki séð um uppsetningu og fyrirsagnir greinarinnar, heldur hafi það verið á ábyrgð ritstjórnar blaðsins. Aðaláfrýjandinn Kristján var annar tveggja ritstjóra þess á umræddum tíma. Aðaláfrýjendur skrifuðu bæði undir greinina, og bera þau því ábyrgð á fyrirsögnum greinarinnar sjálfrar jafnt sem aðalefni hennar, sbr. 1. mgr. 15. gr. laga nr. 57/1956 um prentrétt. Hins vegar verður að telja, að uppsláttur á forsíðu og sérstakri uppsláttarsíðu sé svokallað ritstjórnarefni og því á ábyrgð ritstjóra Pressunnar, sbr. 2. mgr. sömu greinar. Ábyrgð ritstjórnanna var ekki aðgreind og verður aðaláfrýjandinn Kristján því gerður ábyrgur fyrir efninu á þessum síðum, en hinum ritstjóranum hefur ekki verið stefnt í málinu. Af þessu leiðir, að hann einn verður tal-

inn bera ábyrgð á liðum 1.1., 1.2., 1.3. og 1.4., en aðaláfrýjendur sameiginlega á öðrum átöldum ummælum, sem birtust í greininni sjálfri.

III.

Pegar meta skal ummæli þau, sem átalín eru, er óhjákvæmilegt að líta á uppsláttarsíður, fyrirsagnir og greinina sem eina heild. Ekki hefur verið sýnt fram á réttmæti átalínna ummæla. Verður umdeilt efni blaðsins ekki skilið öðruvísi en svo, að verið sé að dróttu því að gagnáfrýjendum, að þeir stundi vafasöm viðskipti, sem almenningur eigi að varast. Ber að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms um ómerkingu ummæla. Þá ber og að staðfesta niðurstöðu héraðsdómara um refsinaemi ummælanna, annarra en um getur í kröfulið 1.12., sem þykja ekki varða refsingu. Ber og að staðfesta niðurstöðu héraðsdómara, að með þessum ummælum og þá sérstaklega á uppsláttarsíðum og í fyrirsögnum sé á þann veg sveigt að æru gagnáfrýjenda, að refsingu varði samkvæmt 235. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 1. gr. laga nr. 71/1928 um vernd atvinnufyrirtækja gegn óréttmætum prentuðum ummælum. Þykir refsing aðaláfrýjandans Kristjáns, 25.000 króna sekt, hæfilega ákveðin í héraðsdómi. Hins vegar þykir refsing aðaláfrýjandans Þóru Kristínar hæfilega ákveðin 8.000 króna sekt, þar sem hún verður ekki talin bera ábyrgð á uppsláttarsíðum blaðsins. Greiði aðaláfrýjendur ekki sektarfjárhæðirnar innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa skal koma til vara átta daga varðhald aðaláfrýjandans Kristjáns og þriggja daga varðhald aðaláfrýjandans Þóru Kristínar.

Ummæli þau, sem hér um ræðir, fóru út fyrir mörk hæfilegrar gagnrýni. Þau eru til þess fallin að valda gagnáfrýjendum, sem höfðu atvinnu af sölu listaverka, hneisu og óþægindum og stuðla að trúnaðarbresti milli þeirra og viðskiptamanna þeirra. Óhjákvæmilegt er þó að taka nokkurt tillit til þess tilefnis, sem gagnáfrýjandinn Úlfar gaf til skrifanna. Ber að taka kröfur gagnáfrýjandans Úlfars um miskabætur til greina samkvæmt 1. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 2. mgr. 15. gr. laga nr. 57/1956. Við mat á þeim ber meðal annars að taka tillit til eftirfarandi háttsemi vikublaðsins Pressunnar, sem hélt áfram að vega að gagnáfrýjendum, eftir að mál þetta var höfðað, og sinnti ekki þrátt fyrir áskoranir skyldu sinni til leiðréttinga samkvæmt 2. mgr. 18. gr. laga nr. 57/1956. Þykja

bæturnar hæfilega ákveðnar 100.000 krónur úr hendi aðaláfrýjandans Kristjáns með vöxtum, svo sem í dómsorði greinir. Aðaláfrýjandinn Þóra Kristín skal vera samábyrg fyrir 35.000 krónum af þeirri fjárhæð.

Þótt leiða megi líkur að því, að skrif aðaláfrýjenda hafi bakað gagnáfrýjandanum Gallerí Borg hf. fjárhagstjón, er skaðabótakrafa félagsins engum gögnum studd. Ótvírætt er þó, að ummælin voru til þess fallin að skaða viðskiptavild og raska stöðu fyrirtækisins. Ber því að dæma aðaláfrýjandann Kristján til að greiða félaginu bætur, sbr. 1. gr. laga nr. 71/1928, sem þykja hæfilega ákveðnar 200.000 krónur með vöxtum, svo sem í dómsorði greinir. Aðaláfrýjandinn Þóra Kristín skal vera samábyrg fyrir 70.000 krónum af þeirri fjárhæð.

Fallast ber á þá niðurstöðu héraðsdóms að dæma aðaláfrýjendur samkvæmt 2. mgr. 241. gr. almennra hegningarlaga óskipt til að greiða gagnáfrýjendum 150.000 krónur til að kosta birtingu á forsendum og niðurstöðu dóms þessa í þremur dagblöðum.

Eins og að framan er lýst, var bú Blaðs hf. tekið til gjaldþrotaskipta 2. desember 1994. Fallist er á, að heimta megi dæmdar fjárhæðir af þrotabúi félagsins samkvæmt 17. gr. laga nr. 57/1956.

Staðfesta ber málskostnaðarákvæði héraðsdóms.

Aðaláfrýjendur greiði gagnáfrýjendum málskostnað fyrir Hæstarétti, svo sem í dómsorði greinir, og hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

D ó m s o r ð:

Staðfest er ákvæði héraðsdóms um ómerkingu ummæla.

Aðaláfrýjandi Kristján Þorvaldsson greiði gagnáfrýjanda Úlfari Þormóðssyni 100.000 krónur og gagnáfrýjanda Gallerí Borg hf. 200.000 krónur með 2,6% ársvöxtum frá 6. desember 1990 til 21. sama mánaðar, 2,8% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1991, 3,2% ársvöxtum frá þeim degi til 21. sama mánaðar, 4% ársvöxtum frá þeim degi til 1. febrúar sama ár, 4,7% ársvöxtum frá þeim degi til 7. mars 1991, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til

greiðsludags. Aðaláfrýjandi Þóra Kristín Ásgeirsdóttir skal samábyrg fyrir 35.000 krónum af dæmdri fjárhæð til gagnáfrýjandans Úlfars, en 70.000 krónum af dæmdri fjárhæð til gagnáfrýjandans Gallerí Borgar hf., hvoru tveggja með þeim vöxtum, sem að framan greinir.

Aðaláfrýjandi Kristján Þorvaldsson greiði 25.000 króna sekt til ríkissjóðs, en til vara komi 8 daga varðhald, verði sektin ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Aðaláfrýjandi Þóra Kristín Ásgeirsdóttir greiði 8.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi í stað hennar 3 daga varðhald, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Aðaláfrýjendur, Kristján og Þóra Kristín, greiði óskipt gagnáfrýjendum 150.000 krónur til að kosta birtingu á forsendum og dómsorði dóms þessa í þremur dagblöðum.

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms er staðfest.

Aðaláfrýjendur, Kristján og Þóra Kristín, greiði óskipt gagnáfrýjendum 150.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Heimta má dæmdar fjárhæðir af þrotabúi Blaðs hf.

S é r a t k v æ ð i
Guðrúnar Erlendsdóttur og
Markúsar Sigurbjörnssonar

Við erum samþykkt atkvæði meiri hluta dómenda um annað en það, sem hér greinir:

Aðaláfrýjendur skrifuðu bæði undir grein þá, sem birtist í vikublaðinu Pressunni 6. desember 1990. Enginn fyrirvari var gerður um, að fyrirsagnir væru ekki á ábyrgð þeirra. Verður því ekki komist hjá að telja þau bæði bera ábyrgð á fyrirsögnum, sem varða greinina, með sama hætti og aðalefni hennar, og á það jafnt við um fyrirsagnir við greinina sjálfa, á forsíðu og á öðrum stöðum í blaðinu. Við teljum því, að staðfesta beri niðurstöðu héraðsdóms um refsingu aðaláfrýjandans Þóru Kristínar. Þá teljum við, að dæma verði aðaláfrýjandann Þóru Kristínu til að greiða gagnáfrýjendum

bætur sömu fjárhæðar og aðaláfrýjandinn Kristján er dæmdur til, og að leggja beri á þau sameiginlega ábyrgð á greiðslu bóttanna í heild.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 12. mars 1992.

Mál þetta, sem dómtekið var 10. febrúar sl., er höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur af Ragnari Árnasyni, kt. 060249-3189, Unnarbraut 2, Sel-tjarnarnesi, f. h. Gallerí Borgar hf., kt. 650584-0589, Pósthússtræti 9, Reykjavík, og Úlfari Pormóðssyni, kt. 190644-2949, Pósthússtræti 9, Reykjavík, gegn Kristjáni Þorvaldssyni ritstjóra, kt. 040562-7299, Rauðalæk 20, Reykjavík, Þóru Kristínu Ásgeirsdóttur blaðamanni, kt. 100866-5879, Hverfisgötu 58, Reykjavík, og Stefáni Friðfinnssyni, kt. 210448-2099, til heimilis að Laugarásvegi 37, formanni stjórnar, f. h. Blaðs hf., kt. 650674-0149, Ármúla 36, Reykjavík, með stefnu, þingfestri 7. febrúar 1991.

Dómkröfur stefnenda eru svofelldar á hendur þeim Kristjáni og Þóru Kristínu:

1. Að eftirgreind ærumeiðandi ummæli, sem eru innan tilvísunarmerkja og birtust í vikublaðinu Pressunni, 49. tölublaði 3. árgangs, sem út kom fimmtudaginn 6. desember 1990, verði dæmd dauð og ómerk:

1.1. „Laug til um rannsóknir á málverkum.“, en ummæli þessi eru í fyrir-sögn á forsíðu blaðsins.

1.2. „Þetta er ekki eina dæmið um vafasöm málverk eða viðskiptahætti Gallerís Borgar.“, en ummæli þessi eru í undirfyrirsögn á forsíðu blaðsins.

1.3. „Gallerí Borg beitti fyrir sig rannsóknnum, sem aldrei fóru fram.“, en ummæli þessi eru í fyrirsögn á bls. 7 í blaðinu.

1.4. „Þetta er ekki eina dæmið um vafasamar myndir í sölu hjá Gallerí Borg. Auk myndanna eftir Sigurð málara nefna heimildarmenn Pressunnar dæmi um myndir eftir Kristínu Jónsdóttur, Kjarval og fleiri.“, en ummæli þessi eru í undirfyrirsögn á bls. 7 í blaðinu.

1.5. „Gallerí Borg beitti fyrir sig rannsóknnum, sem aldrei fóru fram.“, en ummæli þessi eru í fyrirsögn á bls. 8 í blaðinu.

1.6. „Mynd eftir Kristínu Jónsdóttur, sem seld var á uppboði hjá Gallerí Borg í fyrra, þykir einnig vafasöm.“, en ummæli þessi eru í undirfyrirsögn á bls. 8 í blaðinu.

1.7. „...“, en á uppboði hjá Nellesmann og Thomsen í Árósum nokkrum mánuðum áður var hins vegar tekið fram um sömu mynd að hún væri „ekki merkt“, en ummæli þessi eru í undirfyrirsögn á bls. 8 í blaðinu.

1.8. „Efasemdir um höfund myndanna. Það hafa verið uppi vissar efasemdir um að umræddar myndir séu eftir Sigurð Guðmundsson málara. Þær má skoða sem beina afleiðingu af þeim rangfærslum sem Úlfar lætur hafa eftir

sér í fjölmiðlum, ...“, en ummæli þessi eru í millifyrirsögn og kafla í grein á bls. 8 í blaðinu.

1.9. „Einkum er tvennt sem gerir myndirnar vafasamar. Þær þykja í lágum gæðaflokki miðað við aðrar myndir Sigurðar...“, en ummæli þessi eru í grein á bls. 8 í blaðinu.

1.10. „Fleiri vafasamar myndir. Myndirnar tvær eftir Sigurð málara eru ekki eina dæmið um vafasamar myndir sem seldar hafa verið á uppboði hjá Gallerí Borg. Frægasta dæmið er málverkið af biskupshjónunum Ara Magnússyni og Kristínu Guðbrandsdóttur, sem selt var á uppboði í nóvember í fyrra. Fyrir uppboðið hélt Úlfar því ítrekað fram að myndin væri um 400 ára gömul, jafnvel þótt rannsókn hjá forverði hafi leitt annað í ljós.“, en ummæli þessi eru í millifyrirsögn og kafla í grein á bls. 8 í blaðinu.

1.11. „Vafi leikur á um merkingu myndar eftir Kristínu Jónsdóttur, sem seld var á uppboði hjá Gallerí Borg þann 30. nóvember í fyrra. Myndin var sögð „ekkert merkt“ á uppboði hjá Nellesmann og Thomsen í Árósum, en á uppboðinu hjá Gallerí Borg var notað orðalagið „óljós merking“.“, en ummæli þessi eru í grein á bls. 8 í blaðinu.

1.12. „Þá fullyrðir einn viðmælenda Pressunnar að mynd sem seld var á uppboði hjá Gallerí Borg í fyrra og sögð eftir Kjarval sé eftir Jóhönnu Sigurðarson, sem málaði á sínum tíma mikið í anda Kjarvals.“, en ummæli þessu eru í grein á bls. 9 í blaðinu.

1.13. „Á uppboði erlendis fylgdi jafnan vönduð úttekt hverju verki, þannig að kaupandi vissi eftir því, sem kostur væri, allt um það verk sem hann væri að kaupa.“, en ummæli þessi eru í grein á bls. 9 í blaðinu.

2. Að stefndu verði in solidum dæmd til að greiða stefnendum, Gallerí Borg hf. og Úlfari Þormóðssyni, kr. 250.000,00 hvorum um sig í miskabætur með dráttarvöxtum [...].

3. Að stefndu verði in solidum dæmd til að greiða stefnandanum Gallerí Borg hf. skaðabætur vegna fjártjóns, að fjárhæð kr. 1.500.000,00 með dráttarvöxtum [...].

4. Að stefndu verði dæmd til þyngstu refsinga, sem lög leyfa.

5. Að dæmt verði, að skylt sé að birta í fyrsta tölublaði vikublaðsins Pressunnar, sem út kemur eftir uppsögu dóms í málinu, forsendur og niðurstöðu dóms í máli þessu á áberandi stað í blaðinu.

6. Að stefndu verði in solidum dæmd til að greiða stefnendum kr. 150.000,00 til að kosta birtingu á forsendum og niðurstöðu dóms í máli þessu í þremur dagblöðum.

7. Að dæmt verði, að heimilt sé að innheimta, eftir atvikum með aðför, ef þörf krefur, allar dæmdar fjárhæðir í máli þessu hjá Blaði hf., kt. 650674-0149, Ármúla 36, Reykjavík, sem er útgefandi vikuritsins Pressunnar.

8. Að stefndu verði in solidum dæmd til að greiða stefnendum málskostnað [...].

Á hendur Blaði hf. eru gerðar þær kröfur, að félaginu verði dæmt skylt að þola dóm í málinu.

Dómkröfur stefnda eru um sýknu af öllum dómkröfum stefnenda og að þeim verði tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnenda að mati dómsins.

Sáttaumleitanir fyrir dómi hafa ekki borið árangur.

I.

Tildrög og aðild máls.

Stefnandinn Gallerí Borg hf. rekur viðskipti með listmuni, m. a. uppboðsstarfsemi á listmunum í samvinnu við annað hlutafélag, og tengda starfsemi. Starfsemin er rekin undir firmanafninu Gallerí Borg. Formaður stjórnar félagsins er dr. Ragnar Árnason, og höfðar hann mál þetta fyrir hönd félagsins. Stefnandinn Úlfar Þormóðsson er framkvæmdastjóri hlutafélagsins og hefur prókúruumboð fyrir það. Málið er höfðað af báðum aðilum, sbr. 1. mgr. 47. gr. eml. nr. 85/1936.

Hinn 6. desember 1990 birtist í 49. tölublaði 3. árgangs vikublaðsins Pressunnar grein undir fyrirsögninni: „Gallerí Borg beitti fyrir sig rannsóknnum, sem aldrei fóru fram.“ Á forsíðu blaðsins var kynning greinarinnar mjög áberandi með yfirskriftinni „Úlfar í Gallerí Borg“, en síðan aðalfyrirsögnin með mjög stóru letri í upphafsstöfum: „Laug til um rannsóknar á málverkum.“

Í undirfyrirsögn á forsíðu segir: „Þegar tvö málverk, sem sögð voru eftir Sigurð málara, komu til sölu í Gallerí Borg sagði Úlfar Þormóðsson að þær hefðu verið gegnumlýstar til að kanna aldur þeirra. Það var aldrei gert. Úlfar segist nú hafa misskilið sérfræðingana. Þetta er ekki eina dæmið um vafasöm málverk eða viðskiptahætti Gallerís Borgar.“ Greinin var birt á 8. og 9. bls. blaðsins, en á bls. 7 áðurgreind fyrirsögn greinarinnar.

Málið er höfðað vegna ætlaðra ærumeiðandi ummæla, sem birtust í framangreindu tölublaði Pressunnar, og gera stefnendur kröfur um ómerkingu ummæla, refsingu og kröfur um bætur vegna miska og fjártjóns. Standa báðir stefnendur að öllum kröfum að því þó frá töldu, að Gallerí Borg gerir eitt kröfur um skaðabætur vegna fjártjóns. Um er að ræða samrættar kröfur, sem hafa má uppi í einu máli, sbr. 1. mgr. 70. gr. eml.

Stefndu í málinu eru bæði starfsmenn Blaðs hf., sem gefur út vikublaðið Pressuna. Stefndi Kristján Þorvaldsson er tilgreindur sem annar tveggja ritstjóra blaðsins á þessum tíma, en stefnda Þóra Kristín Ásgeirsdóttir er tilgreind sem blaðamaður. Stefndu rita fullum nöfnum undir grein þá í téðu

blaði, þar sem ummæli þau eru viðhöfð, sem stefnt er út af í máli þessu. Varnaraðild þeirra samrýmist því 2. mgr. 15. gr. l. nr. 57/1956 um prentrétt.

Blaði hf. er stefnt til að þola dóm í málinu, og er aðild félagsins studd 17. gr. l. um prentrétt nr. 57/1956.

— — —

Niðurstaða.

Svo sem fram er komið, er tilefni málshöfðunar þessarar greinaskrif um stefnendur í 43. tbl. 3. árgangs vikublaðsins Pressunnar, sem út kom 6. desember 1990. Stefndu eru nafngreindir sem höfundar greinarinnar, auk þess sem stefndi Kristján Þorvaldsson er í blaðinu skráður sem annar tveggja ritstjóra þess. Málsókninni er því réttilega að þeim beint samkvæmt 2. mgr. 15. gr. laga nr. 57/1956 um prentrétt.

Kröfuliður 1. Refsi- og ómerkingarkröfur:

1.1. „Laug til um rannsóknir á málverkum.“

Stefndu hafa haldið því fram, að ummæli þessi séu sönn og því hvorki ástæða til að refsa fyrir ummælin né ómerkja þau. Hafa stefndu vísað til þess, að stefnandi Úlfar Þormóðsson hafi upplýst í einkasamtölum, að myndir Sigurðar málara hefðu verið röntgengreindar. Hið sama komi fram í viðtali við hann á Rás 2 28. nóvember 1990. Í sérstöku viðtali við Úlfar Þormóðsson í Pressunni sama dag og hin umrædda grein birtist er haft eftir honum, að hann hafi misskilið starfsmann Bruun Rasmussen í Kaupmannahöfn varðandi röntgengreiningu myndanna. Stefndandinn Úlfar Þormóðsson hefur og fyrir dómi áréttað, að um misskilning sinn hafi verið að ræða varðandi rannsóknir á umræddum málverkum.

Ekkert liggur fyrir um það, að sérstök ástæða hafi verið til að efast um, að myndir þessar væru eftir Sigurð Guðmundsson málara, enda kemur fram í umræddri grein, að viðmælendur Pressunnar dragi fæstir í efa, að myndirnar séu eftir Sigurð.

Stefndu var ljóst við birtingu greindra ummæla á forsiðu blaðsins, að ekki var sérstök ástæða til að vefengja, að myndir þessar væru eftir greindan málara, og jafnframt lá fyrir yfirlýsing stefnandans Úlfars Þormóðssonar um misskilning hans á sérstakri rannsókn myndanna. Stefndu hafa því engan veginn réttlætt ummæli þessi, sem fela í sér ölögmæta árás á æru stefnandans Úlfars Þormóðssonar, og er um refsiverða aðdróttun að ræða, sem varðar við 235. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Samkvæmt 1. mgr. 241. gr. alm. hgl. ber að ómerkja hin óviðurkvæmilegu ummæli.

1.3. og 1.5. Rétt þykir að fjalla í einu lagi um þessa tvo kröfuliði, sem báðir varða ummælin: „Gallerí Borg beitti fyrir sig rannsóknnum, sem aldrei

fóru fram.“ og koma fram í fyrirsögnum á bls. 7 og 8 í blaðinu. Stefndu hafa haldið því fram, að staðhæfing þessi sé rétt, og vísað þar um til sömu atriða og greinir undir 1.1. Stefnendur hafa sýnt fram á með fram lögðum kynningarbæklingi Listmunauppbóðs nr. 30 29. nóvember 1990 og fréttatilkynningu frá Gallerí Borg, sem birt var í dagblöðum, að ekki hafi komið fram í opinberri kynningu af hálfu félagsins fullyrðingar um rannsóknir á myndum þeim eftir Sigurð málara, sem vísað er til í undirfyrirsögnum og staðhæfing þessi vísar til. Fallast verður á það með stefnendum, að umrædd staðhæfing verði ekki skilin með öðrum hætti en sem áburður um blekkingar af hálfu stefnanda Gallerís Borgar hf. í viðskiptum félagsins. Felst í orðum þessum refsiverð aðdróttun skv. 235. gr. alm. hgl. nr. 19/1940, sem telja verður setta fram í því skyni að ófrægja stefnandann Gallerí Borg hf. Þá ber að taka ómerkingarkröfu stefnenda til greina skv. 1. mgr. 241. gr. alm. hgl. nr. 19/1940.

1.8. og 1.9. Rétt þykir að fjalla næst um þessa kröfuliði og í einu lagi, þar sem þeir varða báðir myndirnar eftir Sigurð Guðmundsson málara. Undir fyrirsögninni: „Efasemdir um höfund myndanna.“ á bls. 8 í blaðinu er m. a. að finna ummæli þau, sem greind eru í þessum kröfuliðum: „Það hafa verið uppi vissar efasemdir um að umræddar myndir séu eftir Sigurð Guðmundsson málara. Þær má þó skoða sem beina afleiðingu af þeim rangfærslum sem Úlfar lætur hafa eftir sér í fjölmiðlum, ... Einkum er tvennt nefnt sem gerir myndirnar vafasamar. Þær þykja í lágum gæðaflokki miðað við aðrar myndir Sigurðar...“ Í kröfugerð stefnenda hefur í tilvísun síðargreindra ummæla fallið niður orðið „nefnt“, en ekki verður séð, að það hafi merkingarbreytingu í för með sér.

Stefndu hafa ekki sýnt fram á réttmæti þeirra ummæla, að efasemdir hafi verið uppi um höfund mynda þeirra, sem seldar voru á uppboði 29. nóvember 1990, eða sýnt fram á orsakasamband þess ætlaða vafa og fullyrðinga stefnanda Úlfars Þormóðssonar. Ummæli þau, sem greinir í kröfulið 1.8., verða ekki talin fela í sér refsiverða aðdróttun, en í samhengi við önnur ummæli greinarinnar og ályktanir, sem þar koma fram, þykja ummælin óviðurkvæmlega gagnvart stefnendum, og ber að fallast á ómerkingarkröfu þeirra með vísan til 1. mgr. 241. gr. alm. hgl. nr. 19/1940.

Ummæli þau, sem greinir undir kröfulið 1.9., varða atriði, sem greinarhöfundar telja, að geri myndirnar vafasamar. Til skýringar er tekið fram, að myndirnar séu málaðar á skólaárum Sigurðar og að hann hafi tekið stöðugum framförum á þeim tíma. Ummæli þessi verða ekki talin fela í sér refsiverðar aðdróttanir, en með sömu rökum og fyrr greinir þykir verða að fallast á ómerkingarkröfu stefnenda á ummælunum: „Einkum er tvennt nefnt

sem gerir myndirnar vafasamar.“ undir kröfulið 1.9. Síðari hluti ummæla þeirra, sem krafist er ómerkingar á, þykja ekki með þeim hætti óviðurkvæmileg fyrir stefnendur, að ómerkja beri þau.

Ummæli þau, sem í kröfugerð stefnenda eru merkt 1.2., 1.4., 1.6., 1.7., 1.10., 1.11. og 1.12., varða öll viðskiptahætti stefnandans Gallerí Borgar hf. Í texta greinarinnar eru innbyrðis mótsagnir um það, hvort myndir þær, sem um ræðir, séu vafasamar eða ekki, í skilningi greinarhöfunda, og er þar slegið úr og í. Stefndu hafa vísað til þess, að orðið „vafasamt“ taki til þess, sem óvissa sé um eða efast megi um. Þá hafa stefndu haldið því fram, að staðhæfingar þeirra í grein sinni hafi snúist um það, að myndir hafi verið kynntar með vafasömum hætti og meginatriðið í umfjöllun þeirra í greininni verið, að ekki hafi alltaf legið fyrir nægilegar upplýsingar um myndir, sem stefnandi Gallerí Borg hf. hafi selt. Því álykti greinarhöfundar sem svo, að um vafasamar myndir hafi verið að ræða, og telji þá viðskiptahætti jafnframt vafasama.

Telja verður hugtakið „vafasamt“, eins og það er notað í grein stefndu, hafa víðtækari skírskotun en til þess, sem efast má um. Eins og orðið er notað um tilteknar myndir og í ályktunum greinarhöfunda, verður að telja það fela í sér ávirðingar um óvönduð vinnubrögð og ámælisverða viðskiptahætti.

Samhengis vegna verður fjallað um síðastgreinda kröfuliði í þeirri röð, sem hér greinir:

1.10. „Fleiri vafasamar myndir. Myndirnar tvær eftir Sigurð málara eru ekki eina dæmið um vafasamar myndir sem seldar hafa verið á uppboði hjá Gallerí Borg. Frægasta dæmið er málverkið af biskupshjónunum Ara Magnússyni og Kristínu Guðbrandsdóttur, sem selt var á uppboði í nóvember í fyrra. Fyrir uppboðið hélt Úlfar því ítrekað fram að myndin væri um 400 ára gömul, jafnvel þótt rannsókn hjá forverði hafi leitt annað í ljós.“ Svo sem fram er komið, hafa stefndu ekki sýnt fram á réttmæti þeirrar fullyrðingar, að stúlkumyndir þær, sem seldar voru sem myndir Sigurðar Guðmundssonar málara, séu vafasamar, svo að efast megi um, að þær séu eftir greindan listamann. Vísun til þeirra í því samhengi, sem ummæli þessi eru sett fram í, eru óréttlætt aðdróttun um ámælisverða viðskiptahætti, sem þykir varða við 235. gr. alm. hgl. nr. 19/1940. Þá hafa stefndu ekki sýnt fram á, að málverk það af Ara Magnússyni og Kristínu Guðbrandsdóttur biskupsdóttur, sem selt var á uppboði hjá Gallerí Borg hf. í febrúar 1990, hafi verið vafasamt. Aðdróttun sú, sem í ummælunum felst, varðar einnig við 235. gr. alm. hgl. nr. 19/1940 og varðar stefndu refsingu, enda eru greind ummæli til þess fallin að verða virðingu stefnandans Gallerí Borgar hf. til

hnekkis. Stefnendur hafa lagt fram kynningu uppboðs þessa, þar sem fram kemur, að vísað er til niðurstöðu forvarðar um aldur myndarinnar, þ. e., að samkvæmt aldursgreiningu virðist málverkið vera frá 1830–1910. Hafa stefndu ekki réttlætt ummæli þessi og ekki sannað, að stefnandinn Úlfar Þormóðsson hafi margsinnis haldið því fram, að myndin væri 400 ára gömul, eins og fram kemur í niðurlagi greindra ummæla. Ummæli þessi þykja ómakleg gagnvart stefnandanum Úlfari, og ber að ómerkja þau, en þau þykja ekki varða stefndu refsingu. Að kröfu stefnenda verða ummæli undir kröfulið 1.10. dæmd dauð og ómerk samkvæmt 1. mgr. 241. gr. alm. hgl. nr. 19/1940.

1.6. „Mynd eftir Kristínu Jónsdóttur, sem seld var á uppboði hjá Gallerí Borg í fyrra, þykir einnig vafasöm.“ Ummæli þessi koma fram í kynningar-texta við grein stefndu á bls. 8 í blaðinu, þar sem segir: „Viðmælendur Pressunnar draga fæstir í efa að myndirnar séu eftir Sigurð, en telja þær hins vegar ófullgerðar, það er skissur. Mynd eftir Kristínu Jónsdóttur, sem seld var á uppboði hjá Gallerí Borg í fyrra, þykir einnig vafasöm.“

Enda þótt órókrænt samhengi ummæla þessara sé til þess fallið að draga úr aðdróttun um vafasama viðskiptahætti, þykja ummæli þau, sem stefnendur krefjast ómerkingar á, með sama hætti og áður greinir til þess fallin að vera álitsspillandi fyrir stefnendur. Varða ummælin, sem ekki hafa verið réttlætt, við 235. gr. alm. hgl. nr. 19/1940 og verða að kröfu stefnenda ómerkt, sbr. 1. mgr. 241. gr. alm. hgl. nr. 19/1940.

1.11 „Vafi leikur á um merkingu myndar eftir Kristínu Jónsdóttur, sem seld var á uppboði hjá Gallerí Borg þann 30. nóvember í fyrra. Myndin var sögð „ekkert merkt“ á uppboði hjá Nellesmann og Thomsen í Árósum, en á uppboðinu hjá Gallerí Borg var notað orðalagið „óljós merking“.“ Óumdeilt er, að mynd sú, sem ummæli þessi varða, var seld hjá danska uppboðshúsinu Nellesmann & Thomsen í lok ágústmánaðar 1989. Í fram lögðum uppboðsbæklingi er myndinni, sem þar er nr. 1072, lýst með nafni höfundar, heiti, stærð og gerð (olíumálverk), en aðrar upplýsingar um þá mynd er ekki að finna í bæklingnum. Að jafnaði er í lokálínu kynningar gerð grein fyrir merkingu með tilvísuninni „Sign“. Vitnið Guðmundur Axelsson hefur borið fyrir dómi, að uppboðsskrár séu gerðar þannig í Danmörku, að merking sé ekki tilgreind, séu myndir ómerktar. Stefnendur hafa lagt fram afrit bréfs firmans Nellesmann & Thomsen, dags. 15. 1. 1991, þar sem fram kemur með vísun í uppboðsbæklinginn, að myndin hafi verið seld sem ómerkt.

Í fram lögðum uppboðsbæklingi eru flestar myndir auðkenndar með merkingu, í nokkrum tilvikum er ekkert skráð um merkingu, í einu tilviki

„Utydelig signeret“, og í einu tilviki er tekið fram, að myndin sé ómerkt með auðkenningunni „Usigneret“. Þá hafa stefnendur lagt fram afrit bréfs Nellemann & Thomsen, dags. 4. 7. 1989, þar sem fram kemur í lýsingu á myndinni, að hún sé „meget utydeligt signeret í nederste højre hjørne“.

Í kynningarbæklingi vegna 24. listmunauppbóðs Gallerí Borgar 30. nóvember 1989 kemur fram í lýsingu á myndinni: „Óljós merking“.

Pegar framangreint er virt, verður talið, að sú staðhæfing stefndu í grein þeirra, að vafi leiki á um merkingu myndarinnar, eigi við rök að styðjast og varða stefndu hvorki refsingu né þykir eiga að ómerkja þau utan ummælin: „Myndin var sögð „ekki merkt“ á uppbóði hjá Nellemann og Thomsen í Árósum ...“, sbr. það, sem greinir undir úrlausn um kröfulið 1.7.

1.7. „...“, en á uppbóði hjá Nellemann og Thomsen í Árósum nokkrum mánuðum áður var hins vegar tekið fram um sömu mynd að hún væri „ekki merkt“. Stefndu hafa ekki sannað, að ummæli þessu séu rétt, en gögn þau, sem lögð hafa verið fram, benda til hins gagnstæða. Í uppbóðsbæklingi þeim, sem lagður hefur verið fram, er þannig ekki tekið fram, að myndin sé „ekki merkt“, en ekkert er tekið fram um merkingu myndarinnar. Þykja ummælin, metin í samhengi við texta greinarinnar, ótilhlýðileg gagnvart stefnendum og verða að kröfu þeirra ómerkt, sbr. 1. mgr. 241. gr. alm. hgl. nr. 19/1940. Ummælin fela hins vegar ekki í sér aðdróttun sem slík og varða stefndu ekki refsingu.

1.12. „Þá fullyrðir einn viðmælenda Pressunnar að mynd sem seld var á uppbóði hjá Gallerí Borg í fyrra og sögð eftir Kjarval sé eftir Jóhönnu Sigurðarson, sem málaði á sínum tíma mikið í anda Kjarvals.“ Stefndu hafa ekki reynt að réttlæta ummæli þessi í málatalilbúnaði sínum, en þau eru höfð eftir ónafngreindum heimildarmanni. Ummælin varða stefndu refsingu samkvæmt 235. gr. alm. hgl. nr. 19/1940, þar sem þau eru til þess fallin að verða stefnendum til hnekkis. Þá ber að ómerkja ummælin að kröfu stefnenda með vísan til 1. mgr. 241. gr. alm. hgl.

1.4. „Þetta er ekki eina dæmið um vafasamar myndir í sölu hjá Gallerí Borg. Auk myndanna eftir Sigurð málara nefna heimildarmenn Pressunnar dæmi um myndir eftir Kristínu Jónsdóttur, Kjarval og fleiri.“

Stefndu hafa ekki sýnt fram á réttmæti ummæla þessara, sem fela í sér refsiverða aðdróttun í garð stefnenda skv. 235. gr. alm. hgl. nr. 19/1940. Ber samkvæmt kröfu stefnenda að ómerkja þau, sbr. 1. mgr. 241. gr. sömu laga.

1.2. „Þetta er ekki eina dæmið um vafasöm málverk eða viðskiptahætti Gallerís Borgar.“ Svo sem rakið er undir áðurgreindum tölulíðum, hafa stefndu ekki réttlætt ummæli þessi, er vísa til dæma þeirra, sem áður eru rakin. Ber að ómerkja ummæli þessi með vísan til 1. mgr. 241. gr. alm. hgl. nr. 19/1940, og varða þau stefndu refsingu skv. 235. gr. sömu laga.

1.13. „Á uppboðum erlendis fylgdi jafnan vönduð úttekt hverju verki, þannig að kaupandi vissi eftir því, sem kostur væri, allt um það verk sem hann væri að kaupa.“ Ummæli þessi eru höfð eftir nafngreindum aðila í þeim kafla greinarinnar, þar sem rætt er um framkvæmd listmunauppboða, lög og reglugerðir á því sviði. Guðbjörg Kristjánsdóttir, sem ummælin eru höfð eftir, hefur komið fyrir dóminn og lýst því, að reynsla sín miðist einkum við framkvæmd uppboða á Englandi. Enda þótt ofmælt kunni að vera það, sem haft er eftir formanni félags listfræðinga, verður ekki talið, að um refsiverða aðdróttun sé að ræða gagnvart stefnendum. Þá verður að telja ummæli þessi innan marka réttmætrar og almennrar umfjöllunar blaðamanna. Sæta ummæli þessi því hvorki refsingu né ómerkingu.

2. Samkvæmt 1. mgr. 264. gr. alm. hgl. nr. 19/1940, sbr. 2. mgr. 15. gr. laga um prentrétt, ber að taka til greina kröfu stefnandans Úlfars Þormóðssonar um miskabætur, sem þykja hæfilega ákveðnar 80.000 kr. Ber að dæma stefndu til að greiða stefnendum bótafjárhæð þessa óskipt og með vöxtum samkvæmt 7., sbr. 15. gr. laga nr. 25/1987, frá 6. desember 1990 til 7. mars 1991, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 71/1928 um vernd atvinnufyrirtækja gegn óréttmætum prentuðum ummælum njóta þar greindir lögadilar sömu lagaverndar sem einstakir menn gegn óréttmætum prentuðum ummælum, sem fallin eru til að hnekkja atvinnurekstri þeirra. Ljóst er, að ummæli þau, sem hér um ræðir, eru til þess fallin að valda stefnandanum Gallerí Borg hf. álits-hnekki út á við, en bætur til hans af þeim sökum ber að meta með hliðsjón af fjárhagstjóni hans. Verður um það fjallað í kröfulið nr. 3.

3. Stefnendur telja, að þeir hafi orðið fyrir verulegu tjóni í viðskiptum vegna greindra skrifa Pressunnar. Verulegur samdráttur hafi orðið strax í desember 1990 og einnig í janúar 1991. Stefnendur hafa ekki stutt kröfu sína um bætur fyrir fjárhagslegt tjón gögnum þrátt fyrir áskilnað þar um. Ljóst er, að sönnun þar um er vandkvæðum bundin, en þar sem ætla má, að skrif stefndu hafi spillt álit stefnandans Gallerí Borgar hf. út á við, eins og um getur undir lið 2, og þar með bakað honum fjártjón, verður stefndu gert, sbr. 2. mgr. 15. gr. laga nr. 57/1957 og laga nr. 71/1928, að greiða Gallerí Borg hf. óskipt skaðabætur, sem þykja hæfilega ákveðnar 300.000 kr. Greiða ber af fjárhæð þessari vexti samkvæmt 7., sbr. 15. gr. laga nr. 25/1987, frá 6. desember 1990 til 7. mars 1991, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

4. Við ákvörðun refsingar ber að líta til þess, að hin meiðandi ummæli eru sumpart sett fram með mjög áberandi hætti í fyrirsögnum, svo sem á

forsíðu blaðsins, með heilsíðufyrirsögn á bls. 7 og endurtekningu með stóru lettri á bls. 8 í blaðinu með undirfyrirsögnum og millifyrirsögnum. Með slíkri framsetningu aðdróttana má búast við, að þær nái athygli mun fleiri en þeirra, sem lesa sjálfa greinina. Telja verður, að með greinaskrifum þessum og framsetningu allri sé mjög ómaklega vegið að stefnendum og starfsheldri þeirra.

Refsing stefndu vegna framangreindra brota gegn 235. gr. alm. hgl. nr. 19/1940, sbr. 1. gr. laga nr. 71/1828, þykir hæfilega ákveðin sú, að hvort þeirra greiði 25.000 kr. í sekt til ríkissjóðs, en til vara komi 8 daga varðhald, ef sektin verður eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

5. Samkvæmt 22. gr. laga nr. 57/1956 er útgefanda vikublaðsins Pressunnar, stefnda Blaði hf., skylt að birta forsendur og niðurstöður dómsins í fyrsta tölublaði blaðsins, sem út kemur eftir birtingu dómsins.

6. Þá ber skv. 2. mgr. 241. gr. laga nr. 19/1940 að dæma stefndu óskipt til að greiða stefnendum 150.000 kr. til að kosta birtingu á forsendum og niðurstöðu dóms þessa í þremur dagblöðum, eins og krafist er.

7. Með vísan til 17. gr. laga nr. 57/1956 um prentrétt er fallist á, að heimilt sé að innheimta með aðför tildæmdar fjárhæðir hjá stefnda Blaði hf., enda var stefndi Kristján Þorvaldsson ritstjóri blaðsins Pressunnar, er greinin birtist. Ekki eru skilyrði til að taka aðrar kröfur stefnenda á hendur Blaði hf. til greina samkvæmt greindu lagaákvæði.

8. Samkvæmt þessum úrslitum málsins ber að dæma stefndu til að greiða stefnendum óskipt málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 170.000 kr. Er þá ekki tekið tillit til virðisaukaskatts. Málskostnaður skal bera dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir uppkvaðningu dóms í málinu.

Eggert Óskarsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsuppsaga hefur dregist vegna embættisanna dómarans.

D ó m s o r ð:

Framangreind ummæli skulu vera ómerk.

Stefndu Kristján Þorvaldsson og Þóra Kristín Ásgeirsdóttir greiði stefnanda Úlfari Þormóðssyni óskipt 80.000 kr. í miskabætur með vöxtum samkvæmt 7. gr. laga nr. 25/1987 frá 6. desember 1990 til 7. mars 1991, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndu Kristján Þorvaldsson og Þóra Kristín Ásgeirsdóttir greiði stefnanda Gallerí Borg hf. óskipt 300.000 kr. í skaðabætur með vöxtum samkvæmt 7. gr. laga nr. 25/1987 frá 6. desember 1990 til 7. mars

1991, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndu Kristján Þorvaldsson og Þóra Kristín Ásgeirsdóttir greiði hvort um sig 25.000 kr. í sekt til ríkissjóðs, en til vara komi 8 daga varðhald, ef sektin verður eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Birta skal forsendur og niðurstöður dóms þessa í fyrsta tölublaði Pressunnar, sem út kemur eftir birtingu dómsins.

Stefndu Kristján Þorvaldsson og Þóra Kristín Ásgeirsdóttir greiði stefnendum, Úlfari Þormóðssyni og Gallerí Borg hf., óskipt 150.000 kr., til að kosta birtingu á forsendum og niðurstöðu dóms þessa í þremur dagblöðum.

Stefndu Kristján Þorvaldsson og Þóra Kristín Ásgeirsdóttir greiði stefnendum, Úlfari Þormóðssyni og Gallerí Borg hf., óskipt 170.000 kr. í málskostnað. Málskostnaður beri dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir uppkvaðningu dóms í málinu.

Tildæmdar fjárhæðir eru aðfararhæfar hjá stefnda Blaði hf.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.
